

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1974

10. apríl 1974.

243

Nr. 21.

L Ö G

um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila, að reisa og reka jarðgufuaflostöð við Kröflu eða austanvert Námafjall, með allt að 55 megawatta afli, til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitur til tengingar við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands og Austurlands.

2. gr.

Valið milli Kröflu og Námafjalls austanverðs sem virkjunarstaðar skal fara fram á grundvelli jarðhitatæknilegra sjónarmiða og umhverfisverndarsjónarmiða.

Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir, er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns, svo sem frekast er kostur.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem virkjunaraðilinn tekur, allt að 1500 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

4. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til þessarar aflstöðvar, sbr. 1. gr.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.